

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 196/2018

2021/EES/15/24

frá 21. september 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 482/2008 ⁽²⁾, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011 ⁽³⁾ og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 ⁽⁴⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 3) Sum ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/373 má rekja til ákvæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) sem gilda einungis um Evrópusvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO EUR) sem Ísland er ekki hluti af sökum landfræðilegrar legu sinnar.
- 4) Sum ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/373 vísa til reglna ESB sem takmarkast að gildissviði við Evrópusvæði og Afríku- og Indlandshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO AFI) og má því ekki beita þeim á Íslandi.
- 5) Ísland er staðsett á Norður-Atlantshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO NAT) og er bundið af því að uppfylla og fara að viðbótarákvæðum Norður-Atlantshafssvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á svæðisvísu.
- 6) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 66xf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013):

„66xg. **32017 R 0373**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjútíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 141, 31.5.2008, bls. 5.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 23.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Sé í reglugerðinni og viðurkenndum aðferðum hennar til að uppfylla kröfur (AMC)/leiðbeiningarefni (GM), vísað til ákvæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem gilda um Evrópusvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ber að skilja það svo að ákvæðin taki ekki til Íslands þar sem Ísland heyrir undir svæðisbundin viðbótarákvæði Atlantshafssvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Ákvæði sem gilda um Atlantshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar teljast vera viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningarefni fyrir Ísland.
 - b) Sé í reglugerðinni vísað til Evrópureglna sem takmarkast að gildissviði við Evrópusvæði og Afríku- og Indlandshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ber að skilja það svo að reglurnar taki ekki til Íslands nema Ísland hafi tekið sérstaklega fram að slíkar reglur eigi að gilda um Ísland. Að öðrum kosti skulu reglur aðildarríkis eða viðeigandi ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar gilda.
 - c) Ekki ætti að þurfa að beita öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur (AltMOC) ef Ísland hlítir svæðisbundnum viðbótarákvæðum Norður-Atlantshafssvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
 - d) Í b-lið ATM/ANS.AR.A.025 í II. viðauka er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „,aðildarríkjum“.
 - e) Í 1. lið e-liðar ATM/ANS.AR.C.050 í II. viðauka er orðunum „,og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „,framkvæmdastjórnina“.
 - f) Í c-lið ATM/ANS.OR.D.005 í III. viðauka er orðunum „,og Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „,framkvæmdastjórnina“.
 - g) Í c-lið ATM/ANS.OR.D.025 í III. viðauka er orðunum „, fastanefnd EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „,framkvæmdastjórnina“ og
 - i) í e-lið er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „,framkvæmdastjórninni“.
 - ii) í e-lið er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „,framkvæmdastjórninni“.
2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 66wn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011):
- a) Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32017 R 0373:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 (Stjtið. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).“
 - b) j-liður fellur brott.
3. Texti liðar 66wf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 482/2008), liðar 66xb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011) og liðar 66xc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011) fellur brott:

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/373, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.